

GR 11:02

**Geislaálag vegna röntgenrannsókna
við læknisfræðilega myndgreiningu á
Íslandi 2008**

Guðlaugur Einarsson, eftirlitsstjóri

Maí 2011 (leiðrétt útgáfa nóvember 2011)

Geislavarnir ríkisins

Rauðarástíg 10

150 Reykjavík

sími: 4408200 fax: 5528202

www.geislavarnir.is

gr@gr.is

ISBN 978-9979-9977-4-0



GEISLAVARNIR RÍKISINS
ICELANDIC RADIATION SAFETY AUTHORITY

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Summary	3
Inngangur	4
Tilgangur.....	5
Framkvæmd	6
Almennar röntgenrannsóknir.....	6
Tölvusneiðmyndarannsóknir.....	8
Brjóstarrannsóknir	9
Tanrröntgenrannsóknir	10
Beinþéttirannsóknir	10
Vísindarrannsóknir	11
Röntgenrannsóknir hjá hnykkjum	11
Hópgeislaálag.....	12
Niðurstöður	13
Almennar röntgenannsóknir.....	13
Tölvusneiðmyndarannsóknir.....	13
Brjóstarrannsóknir	18
Tanrröntgenrannsóknir	19
Beinþéttirannsóknir	20
Vísindarrannsóknir	20
Rannsóknir hjá hnykkjum	21
Hópgeislaálag.....	22
Umræða.....	23
Samanburður við niðurstöður 1996.....	24
Tíðni rannsókna og hópgeislaálag 1996 og 2008.....	28
Samanburður við önnur lönd.....	29
Lokaorð.....	32
Heimildir.....	33
Viðauki 1. Mat á geislaálagi röntgenrannsókna.....	35
Viðauki 2. Mat á óvissu í tíðni rannsókna og hópgeislaálagi	41

Samantekt

Kynnt er samantek upplýsinga um geislaskammta og mat á geislaálagi röntgenrannsókna á Íslandi og miðað við fjölda þessara rannsókna árið 2008. Til grundvallar mati á geislaálagi eru mælingar um flatargeislun almennra rannsókna á tímabilinu 2004 - 2007, upplýsingar um lengdargeislun tölvusneiðmyndarannsókna (TS) á tímabilinu 2007-2009, upplýsingar um meðalgeislaskammt kirtilvefs brjóstá við brjóstarrannsóknir árið 2009 og eftirlitsmælingar tannröntgenrannsókna á tímabilinu 2004-2008.

Fjöldi allra röntgenrannsókna : 704.839 - 2207 rannsóknir per 1000 íbúa
254.839 (án tannröntgenrannsókna)
798 rannsóknir per 1000 íbúa

Hópgeislaálag: 475,1 manSv
473,2 manSv (án tannröntgenrannsókna)

Hlutdeild TS-rannsókna: 73%

Meðalgeislaálag: 1,49 mSv per íbúa
0,7 mSv per rannsókn

Frá 1996 hefur hópgeislaálag hækkað um 157% og þá fyrst og fremst vegna aukinnar tíðni TS-rannsókna. Meðalgeislaálag á hvern íbúa landsins vegna notkunar röntgengeislunar í læknisfræði hefur hækkað um 118% á þessu tímabili.

Summary

Presented is an overview on patient radiation doses and estimated effective doses in diagnostic radiology, with respect to frequency information for 2008. The evaluation of effective doses is based on information about DAP (Dose Area Product) measurements done during 2004-2007, information on used DLP (Dose Length Product) for CT examinations for the period 2007-2009, information about MGD (Mean Glandular Dose) of Mammography examinations in 2009 and inspection gathered information about cone-end-dose for dental examinations for the period 2004-2008.

Number of x-ray examinations: 704.839 - 2207 per 1000 inhabitants
254.839 (excluding dental x-rays)
798 per 1000 inhabitants

Collective Effective Dose (CED): 475,1 manSv
473,2 manSv (excluding dental examinations)

Contribution of CT to CED: 73%

Average Effective Dose (ED) : 1,49 mSv per inhabitant
0,7 mSv per examination

From a similar survey in 1996 the CED has increased by 157%, mostly because of increased frequency of CT examinations. The Average ED to each inhabitant because of the use of X-rays in diagnostic radiology has increased by 118% in this period.

Inngangur

Geislavarnir ríkisins (GR) starfa samkvæmt lögum nr. 44/2002 um geislavarnir með síðari breytingum og reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í þeim. Eitt af meginverkefnum stofnunarinnar (sbr. 5. gr. laganna) er að leggja mat á geislaálag sjúklinga vegna læknisfræðilegrar geislunar. Stofnunin hefur síðan 1993 aflað upplýsinga á fimm ára fresti frá öllum myndgreiningadeildum landsins um fjölda og tegundir myndgreiningarannsóknna sem þar eru framkvæmdar. Einnig hafa verið framkvæmar mælingar á geislaskömmtum sjúklinga og safnað upplýsingum um framkvæmd röntgenrannsókna.

Til þess að leggja mat á geislaálag sjúklinga vegna notkunar jónandi geislunar í læknisfræðinni þarf tvennt, annars vegar góða sundurliðun á fjölda einstakra röntgenrannsókna, frá einstökum myndgreiningadeildum og hins vegar mælingar eða mat á geislaskömmtum sjúklinga fyrir hverja rannsókn á hverjum stað.

Stofnunin hefur á árunum 2004 – 2009 framkvæmt og látið framkvæma mælingar á geislaskömmtum sjúklinga við röntgenrannsóknir á öllum stærri myndgreiningadeildum landsins. Einnig hefur stofnunin safnað upplýsingum um fjölda almennra röntgenrannsókna, brjóstarrannsókna, tölvusneiðmyndarannsókn og kjarnrannsókna . Út frá þessum gögnum var síðan meðalgeislaálag vegna einstakra rannsókna metið. Þá er hópgeislaálag þjóðarinnar vegna röntgengeislunar til sjúkdómsgreiningar reiknað út frá þessum gögnum.

Notkun jónandi geislunar til sjúkdómsgreiningar vegur mjög þungt í geislaálagi íslensku þjóðarinnar. Þar veга röntgenrannsóknir þyngst og því er mikilvægt að sem bestar upplýsingar um notkun röntgentækja séu fyrir hendi. Upplýsingarnar eru einnig nauðsynlegar til þess að unnt sé að skipuleggja markvisst og árangursríkt starf að geislavörnum.

Ekki er lagt mat á geislaálag vegna kjarnrannsókna eða hlutdeild þeirra í hópgeislaálagi myndgreiningarannsóknna í þessari skýrslu.

Tilgangur

Notkun jónandi geislunar við læknisfræðilega myndgreiningu hefur verið stærsta uppspretta manngerðrar geislunar í marga áratugi í flestum þróuðum ríkjum. Þróun myndgerðartækni-
innar hefur einnig verið ör á þessum tíma og með tilkomu tölvusneiðmyndarannsóknna, hefur
hlutfall röntgenrannsókna með tiltölulega hátt geislaálag farið vaxandi. Þetta hefur haft þau
áhrif að bæði geislaálag sjúklinga og hópgeislaálag þjóða hefur hækkað verulega (1). Það er
því mikilvægt verkefni geislavarnastofnana að meta geislaálag vegna notkunar jónandi
geislunar í læknisfræðinni.

Meginmarkmið og tilgangur þessa verkefnis er m.a.;

- að fylgjast með langtíma þróun hópgeislaálags þjóðarinnar vegna notkunar
röntgengeislunar við læknisfræðilega myndgreiningu.
- að kanna og fylgjast með hlutdeild mismunandi myndgerðartækni og mismunandi
rannsókna í hópgeislaálagi.
- að kanna samhengi á milli tíðni einstakra tegunda röntgenrannsókna, dæmigerðs
geislaskammts sjúklinga og hlutdeild þeirra í hópgeislaálaginu.
- að kanna tíðni rannsókna og meðalgeislaálag vegna röntgenrannsókna á Íslandi og
bera saman við upplýsingar frá öðrum löndum.
- að bera geislaálag frá röntgenrannsóknum saman við geislaálag frá náttúrulegum og
öðrum manngerðum uppsprettum geislunar.

Niðurstöður þessa verkefnis gera Geislavörnum kleift að forgangsraða verkefnum þannig
að áherslan beinist að þeim þáttum sem helst geta dregið úr geislaálagi sjúklinga, með
sérstakri áherslu á þá hópa sjúklinga sem eru með hæst geislaálag.

Framkvæmd

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeirri gagnasöfnun og mælingum á geislaskömmtum sem liggja til grundvallar mati á geislaálagi einstakra röntgenrannsóknna fyrir árið 2008.

Umfjölluninni er skipt niður eftir rannsóknaraðferðum, þannig að byrjað er á almennum röntgenrannsóknum, síðan fjallað um tölvusneiðmyndarannsóknir, brjóstarrannsóknir, tannröntgenrannsóknir, beinþéttirannsóknir, rannsóknir vegna vísindastarfa og að lokum rannsóknir hjá hnykkjum. Gerð er nánari grein fyrir mati á geislaálagi vegna þessara rannsókna í viðauka 1. Þá er í viðauka 2 gerð grein fyrir mati á óvissu í tíðni rannsókna, geislaálagi og hópgeislaálagi.

Almennar röntgenrannsóknir

Vorið 2004 hófu GR að nýju mælingar á geislaskömmtum sjúklinga vegna almennra röntgenrannsókna á röntgendeildum landsins, en niðurstöður eldri mælinga eru í skýrslu stofnunarinnar; GR99:02 Sjúkdómsgreining með röntgengeislun - Hópgeislaálag 1996 (2). Gerðar voru mælingar og safnað upplýsingum um framkvæmd röntgenrannsókna á öllum stærri sjúkrahúsum landsins ásamt mörgum smærri stöðum. Alls voru skráðar rúmlega 3900 mælingar á 12 myndgreiningadeildum, samtals 26 röntgenstofum, til ársloka 2007.

Mælingarnar byggðust á notkun Diamentor mæla sem mæla flatargeislun (e. Dose Area Product, DAP) (3,4,5) við framkvæmd rannsókna, en til viðbótar við upplýsingar um framkvæmdina (s.s. kV, fjöldi mynda, skyggnitíma), voru skráðar upplýsingar um aldur, kyn, þyngd og hæð sjúklinga.

Sem fyrr voru það starfsmenn myndgreiningadeildanna sem framkvæmdu mælingarnar og nauðsynlegar skráningar. Starfsmenn GR aðstoðuðu við skráningu á flóknari rannsóknum (t.d. við skyggirannsóknir, æðaþræðingar og/eða inngrípsrannsóknir) og færðu allar skráningar og mælingar í gagnagrunn GR.

Þá voru einnig notaðar upplýsingar um mælingar á flatargeislun röntgenrannsókna í nokkrum lokaverkefnum nemenda frá Heilbrigðisdeild Tækniháskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík (6,7,8,9).

Í töflu 1 eru upplýsingar um mælingarnar, hvenær og hversu margar mælingar voru gerðar á einstökum deildum svo og á hvaða stofum mælt var (þar sem það á við).

Tafla 1. Yfirlit um skráðar mælingar á flatargeislun vegna röntgenrannsókna. Overview of DAP measurements in different x-ray departments and number of measurements.

Röntgendeildir	Stofur	Tímabil mælinga	Fjöldi mælinga
Institutes, Hospitals, Clinics	X-ray rooms	Measurement Period	Numbers
Landspítali – Hringbraut	1,3,4	7,8,9 – 2004	355
Landspítali – Fossvogi	4,5,6,7,8	6,7 – 2004	285
Landspítali – Fossvogi	14	7 – 2004	69
Landspítali – Hringbraut	12, 14	8 – 2004	102
Landspítali – Hringbraut	38	8 – 2004	57
Sjúkrahúsið Akureyri	1,2,3	7,8 – 2004	281
Íslensk Myndgreining, Orkuhúsið	1,2	11,12 -2004	268
Læknisfræðileg Myndgreining, DM	1,2	1,2,3 – 2005	616
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1	3,4 – 2005	148
Heilbr.st. Suðurlands Selfossi	1	3,4 – 2005	146
Heilbrigðisstofnunin Ísafirði	1	7,8,9 – 2006	258
Heilbr.st. Vestmannaeyjum	1	8,9 – 2006	339
Heilbr.st. Þingeyinga, Húsavík	1	1,2,3 – 2007	149
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1	1,2,3 – 2007	130
Sjúkrahúsið Akureyri	1,2,3	6,7,8 – 2007	599
Heilbr.st. Austurlands, Neskaupstað	1	11,12 – 2007	158
Samtals (Total) :			3960

Þegar mælingum var lokið á hverjum stað var gerð skýrsla þar sem meðalgeislaskammtar og áætlað meðalgeislaálag fyrir einstakar rannsóknir komu fram. Ásamt upplýsingum um hvernig geislaskammtar einstakra rannsókna höfðu breyst frá því að samskonar mælingar voru gerðar á tímabilinu 1994 -1998.

Vorið 2004 þegar mælingarnar hófust höfðu flestar stóru myndgreiningadeildirnar og flestir minni staðirnir þegar skipt yfir í stafræna myndgerð. Í lok mælinganna höfðu allir stærri

staðirnir skipt yfir í stafræna myndgerð og búið að endurtaka mælingar hjá nokkrum þeirra, þannig að samanburður fékkst á geislaskömmtum og áætluðu geislaálagi fyrir og eftir að skipt var yfir í stafrænan myndmiðil.

Mati á geislaálagi röntgenrannsóknna út frá flatargeislun eru gerð nánari skil í viðauka 1.

Tölvusneiðmyndarannsóknir

Við röntgenrannsóknir í tölvusneiðmyndataekjum (TS-tækjum) er ekki hægt að mæla geislaskammt sjúklunga með sama hætti og við almennar röntgenrannsóknir, heldur er stuðst við upplýsingar sem viðkomandi TS-tæki gefur um geislaskammt við hverja rannsókn. Hér er um að ræða lengdargeislun (e. dose length product, DLP) (4) sem segir til um geislaskammt sjúklings.

Gögnum um DLP rannsóknna hefur verið safnað fyrir allar algengustu TS rannsóknir hjá stærstu myndgreiningadeildunum. Söfnun þessara gagna stóð yfir á tímabilinu 2007-2009. Stórum hluta þessara gagna var safnað sem hluta af rannsóknarverkefni geislafræðinema við Geislafræðiskor, Læknadeildar Háskóla Íslands og er henni þökkuð aðstoðin (10).

Þó að upplýsingar fyrir TS rannsóknirnar, séu vegna mun færri rannsókna en fyrir almennar röntgenrannsóknir, kemur á mótí að þær eru frá öllum stærstu myndgreiningadeildunum þar sem yfir 90% TS rannsóknana eru gerðar. Fyrir hverja rannsóknartegund var notað meðaltals DLP frá hverjum stað og meðaltal af þeim þegar fjöldi rannsókna var meiri en 10 fyrir hverja tegund á fleiri en einum stað. Í þeim tilfellum þar sem ekki lágu fyrir nákvæmar upplýsingar um geislaskammta tiltekinna TS rannsókna eða að fjöldi skráðra rannsókna var minni en 10, var geislaskammtur áætlaður út frá upplýsingum um geislaskammta og geislaálag í birtum erlendum niðurstöðum (1). Þetta var gert fyrir um 16,7% TS rannsókna (sjá töflu 7), sem vega um 6% í hópgeislaálagi vegna TS rannsókna.

Í töflu 2 eru upplýsingar um söfnun mæligagna fyrir TS-rannsóknir, hvar gögnunum var safnað, hvenær og fjöldi rannsókna á hverjum stað.

Tafla 2. Yfirlit um söfnun gagna fyrir TS rannsóknir. Overview on CT Data Collection (number of examination from different departments)

Röntgendeildir Institutes, Hospitals, Clinics	Ár Year	Fjöldi rannsókna Numbers
Sjúkrahúsið Akureyri	2007	313
Íslensk Myndgreining, Orkuhúsinu	2007	80
Læknisfræðileg Myndgreining, Dómus Medica	2008	13
Landspítali, Hringbraut	2008	33
Læknisfræðileg Myndgreining, Dómus Medica	2009	95
Læknisfræðileg Myndgreining, Mjódd	2009	114
Landspítali, Hringbraut	2009	76
Landspítali, Fossvogi	2009	88
Íslensk Myndgreining, Orkuhúsinu	2009	59
Samtals (Total) :		871

Gerð er grein fyrir mati á geislaálagi tölvusneiðmyndarannsókna í viðauka 1.

Brjóstarrannsóknir

Brjóstarrannsóknir (e. Mammography) eru eingöngu framkvæmdar á vegum Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) á röntgendeild félagsins í Skógarhlíð í Reykjavík, á röntgendeild Sjúkrahúsins á Akureyri eða með færanlegu röntgentæki félagsins. KÍ framkvæmir hópskoðun vegna brjóstakrabbameins í samræmi við samning við heilbrigðisyfirvöld, þar sem m.a. er farið reglulega um landið og framkvæmdar rannsóknir á fjölda staða. Úrlestur og greining þessara rannsókna er undir stjórn röntgenlækna hjá KÍ.

Á árinu 2008 voru framkvæmdar 21.811 rannsóknir á brjóstum hjá KÍ og voru um 19.666 af þeim gerðar við hópskoðun, en 2.145 voru klínískar rannsóknir (11).

Við rannsóknir á brjóstum er notaður sérhæfður röntgenbúnaður sem eingöngu er ætlaður til slíkra rannsókna. Fyrir þau röntgentæki sem KÍ notar til brjóstamyndatöku, fylgja upplýsingar um geislaskammt á húð brjóstisins (e. Entrance Surface Dose, ESD) og meðalgeislaskammtur kirtilvefs (e. mean glandular dose, MGD) fyrir hverja mynd með

rannsókninni í myndgeymslakerfi (PACS) deildarinnar (4). MGD er síðan notað til þess að meta geislaálag, sjá nánari umfjöllun í viðauka 1.

Tannröntgenrannsóknir

Vitað er að geislaálag vegna einstakra tannröntgenrannsókna er lítið, en þar sem fjöldi þeirra er mjög mikill þykir rétt að meta þátt þeirra í hópgeislaálagi þjóða (1,12).

Fjöldi tannröntgenrannsókna hér á landi var síðast áætlaður út frá upplýsingum sem fengust í sérstöku pósteftirliti sem framkvæmt var á árunum 1992 – 1993 (13). Slík könnun hefur ekki verið gerð síðan og gögn GR úr reglubundnu eftirliti eru ekki nægileg til þess að gefa fullnægjandi mynd af tíðni þeirra. Ef miðað er við að hlutfall tannröntgenrannsókna hér á landi sé svipað og í nágrannalöndum okkar, þá má áætla (1,12,14) að þær séu um 450.000 á ári eða 1409 rannsóknir á hverja 1000 íbúa. Það passar vel við það að árið 1996 var þessi fjöldi áætlaður 345.000 á ári (1278 per. 1000 íbúa) (13). Með sama hætti má einnig áætla að af þessum rannsóknum séu tæplega 8% vegna kjálkasneiðmyndarannsókna (e. orthopantomography) og rúmlega 3% vegna andlitsbeinamynda (e. chephalostat).

Við reglubundið eftirlit GR undanfarin ár hefur geislaskammtur við kónenda (e. Cone End Dose) verið mældur á öllum tannröntgentækjum. Það gefur góða mynd af meðal geislaskömmtum. Ekki hafa verið gerðar sambærilega mælingar fyrir kjálkasneiðmyndataeki eða andlitsbeinataeki hjá tannlæknum. Fjöldi slíkra rannsókna og geislaskammtar þeirra er áætlaður út frá erlendum gögnum (1,12,14). Gerð er grein fyrir mati á geislaálagi tannröntgenrannsókna í viðauka 1.

Beinþéttirannsóknir

Á árinu 2008 voru framkvæmdar beinþéttirannsóknir á tveimur stöðum hérlendis, þ.e. á Lyflækningadeild Landspítalans í Fossvogi (er núna flutt á Myndgreiningadeildina) og á Myndgreiningadeild Hjartaverndar. Í dag eru 3 tæki í notkun hérlendis, tvö ofangreind tæki á Reykjavíkursvæðinu og eitt á Akureyri. Í viðauka 1 er gerð grein fyrir mati á geislaálagi þessara rannsókna.

Vísindarannsóknir

Vísindarannsóknir þar sem notuð er jónandi geislun eru leyfisskyldar samkvæmt lögum nr. 44/2002 um geislavarnir og reglugerðar nr. 640/2003. Rannsóknirnar byggjast á þátttöku sjálfboðaliða úr markhópum og á grundvelli upplýsts samþykkis þeirra.

Á árinu 2008 voru 6 slíkar vísindarannsóknir framkvæmdar og voru 12 – 300 þátttakendur í hverri þeirra. Flestar þessara rannsókna voru beinþéttirannsóknir þar sem geislaálag var áætlað á bilinu 6-9 μ Sv fyrir hvern þátttakanda. En einnig var um að ræða bæði almennar röntgenrannsóknir (hryggjarrannsóknir og lungnarannsóknir) og tölvusneiðmyndarannsóknir.

Röntgenrannsóknir vegna vísindarannsókna eru flestar framkvæmdar á stærri myndgreiningadeildum landsins, eins og um venjulegar rannsóknir væri að ræða, með rannsóknarbeiðnum og rannsóknarsvörum. Þær eru því ekki aðgreinanlegar í gögnum myndgreiningadeildanna, frá öðrum röntgenrannsóknum.

Röntgenrannsóknir vegna Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar og tengdar rannsóknir eru framkvæmdar á Myndgreiningadeild Hjartaverndar og er geislaálag þeirra metið sérstaklega. Um var að ræða tilteknar TS-rannsóknir og beinþéttirannsóknir, samkvæmt leyfi Hjartaverndar frá GR. Á hverju ári skilar Hjartavernd til GR upplýsingum um fjölda þessarar rannsókna og áætlað geislaálag. Mati á geislaálagi TS-rannsókna og beinþéttirannsókna er lýst í viðauka 1.

Röntgenrannsóknir hjá hnykkjum

Samkvæmt skýrslu GR um fjölda myndgreiningarannsókna (GR10:03) (11) eru fáar rannsóknir framkvæmdar hjá hnykkjum (kírópróktum). Starfrækt eru 3 röntgentæki hér á landi þar sem slíkar rannsóknir eru gerðar og eru filmur notaðar við myndgerðina hjá öllum.

Á árunum 2008 og 2009 voru framkvæmdar mælingar á flatargeislun hjá þessum aðilum samhliða reglubundnu eftirlit. Skráðar voru mælingar fyrir rúmlega 350 rannsóknir sem gefa góða mynd af geislaskömmtum þessara rannsókna.

Rannsóknirnar eru allar af hryggjarsúlu sjúklinga, þannig að fyrir flesta sjúklinga eru teknar

þrjár myndir, framanfrá af hálsliðum, brjósthrygg og lendarhrygg á sömu mynd, síðan hliðarmynd af hálsliðum og brjósthrygg og loks hliðarmynd af lendar- og spjaldhrygg.

Við mat á geislaálagi er stuðst við breytistuðla sem unnir voru úr niðurstöðum norsku geislavarnastofnunarinnar á geislaskömmtum hjá hnykkjum (15), sjá viðauka 1.

Hópgeislaálag

Hópgeislaálag er skilgreint sem meðalgeislaálag einstaklinga í tilteknum hópi, margfaldað með heildarfjölda einstaklinga. Hópgeislaálag vegna notkunar röntgengeislunar við sjúkdómsgreiningu er reiknað í samræmi við eftirfarandi jöfnu ICRP(3):

$$S = \sum E_i \cdot N_i$$

þar sem E_i er meðalgeislaálag vegna ákveðinna rannsókna eða rannsóknaflokka og N_i er fjöldi þeirra rannsókna sem framkvæmdar eru. Eining fyrir hópgeislaálag er mannsívert (manSv) (3).

Hópgeislaálag er mikilvægt við bestun geislavarna þ.e. þegar verið er að skipuleggja geislavarnir vegna nýrrar eða breyttrar notkunar geislunar. Það er einnig mikilvægt þegar verið er að leggja mat á breytingar á geislaálagi ákveðinna hópa t.d. starfsmanna eða sjúklinga.

Alþjóðageislavarnaráðið ([ICRP](#)) leggst gegn því að hópgeislaálag sé notað við faraldsfræðilegar rannsóknir og til að leggja mat á hugsanlegan fjölda krabbameinstilfella eða erfðaskaða í hópi fólks sem verður fyrir lítilli geislun yfir langan tíma, t.d. margar kynslóðir, eins og oft getur verið þegar um er að ræða geymslu á geislavirkum úrgangi eða sjúklinga sem fara í röntgenrannsóknir.

Í skýrslu stofnunarinnar um fjölda myndgreiningarannsókna 2008 (11), eru birtar ítarlegar upplýsingar um allar myndgreiningarannsóknir sem framkvæmdar voru á Íslandi árið 2008. Þessar upplýsingar verða í þessari skýrslu notaðar við mat á hópgeislaálagi þar sem áætlað meðalgeislaálag fyrir tilteknar rannsóknir er margfaldað með fjölda þeirra sbr. þau gögn sem þar koma fram.

Niðurstöður

Hér verða birtar niðurstöður mats á geislaálagi og hópgeislaálagi röntgenrannsókna, þar sem fjöldi rannsókna miðast við árið 2008, mælingar á flatargeislun voru framkvæmdar á tímabilinu 2004 – 2008, gögnum um framkvæmd TS rannsókna var safnað á tímabilinu 2007 - 2009 og upplýsingar um geislaskammta brjóstarrannsókna miðast við gögn frá árinu 2009.

Almennar röntgenannsóknir

Birtar eru niðurstöður á geislaskömmtum rannsókna út frá mati á tæplega 4000 flatargeislunarmælingum. Í töflu 4 eru birtar niðurstöður fyrir almennar röntgenannsóknir, í töflu 5 eru niðurstöður fyrir rannsóknir þar sem notuð er skygging og í töflu 6 eru niðurstöður fyrir æðaþræðingar og inngrípsrannsóknir. Birtar eru niðurstöður um geislaskammta og mat á geislaálagi röntgenrannsókna, miðað við einstaka rannsóknarflokka, ásamt upplýsingum um tíðni rannsókna miðað við heildarfjölda röntgenrannsókna, geislaálag og hópgeislaálag hvers flokks og hlutdeild þeirra í hópgeislaálagi allra röntgenrannsókna. Í viðauka 2 er fjallað um mat á óvissu á tíðni rannsókna geislaálagi og hópgeislaálagi með aðferð sem notuð hefur verið í hliðstæðum rannsóknum á vegum Evrópusambandsins (1).

Tölvusneiðmyndarannsóknir

Birtar eru niðurstöður á geislaskömmtum rannsókna út frá mati á söfnuðum upplýsingum um lengdargeislun (DLP) fyrir rúmlega 870 rannsóknir. Í töflu 7 eru birtar niðurstöður um geislaskammta og mat á geislaálagi rannsókna, miðað við einstaka rannsóknarflokka, ásamt upplýsingum um tíðni rannsókna miðað við heildarfjölda röntgenrannsókna, geislaálag og hópgeislaálag hvers flokks og hlutdeild þeirra í hópgeislaálagi allra röntgenrannsókna.

Í viðauka 2 er fjallað um mat á óvissu á tíðni rannsókna geislaálagi og hópgeislaálagi með aðferð sem notuð hefur verið í hliðstæðum rannsóknum á vegum Evrópusambandsins (1).

Tafla 4. Almennar röntgenrannsóknir, fjöldi og tíðni rannsókna, geislaskammtar, geislaálag og hópgeislaálag. Conventional x-ray examinations, number and frequency of examinations, Dose Area Product (DAP), Effective Dose (ED) and Collective Effective Dose (CED).

				(Conversion f.)				
(RS-Code)	(Examination Categories)	(Number)	(Frequency)	(DAP)	Um-	(ED)	(CED)	
RS-Kóði ¹	Rannsóknarflokkur ²	Fjöldi	Tíðni ³	Flatargeislun (Gycm ²)	breytistuðull (mSv/Gycm ²)	Geislaálag (mSv)	Hópgeislaálag (mannSv)	Hlutfall (%)
46000	Abdomen	5004	2,0%	11,3	0,26	2,9	14,65	3,1%
62300	Lumbal spine	6206	2,5%	9,4	0,21	2,0	12,26	2,6%
50100	Urinary Tract	699	0,3%	6,9	0,18	1,2	0,87	0,2%
62600	Pelvis	4500	1,8%	2,8	0,29	0,8	3,62	0,8%
62200	Col. Thoracalis	2562	1,0%	4,1	0,19	0,8	1,97	0,4%
63900	Hips (one or both)	9934	4,0%	2,5	0,29	0,7	7,17	1,5%
62100	Col. Cervicalis	2845	1,1%	0,9	0,16	0,14	0,40	0,1%
32000	Thorax / Lungs	55995	22,4%	0,7	0,18	0,13	7,54	1,6%
60700	Sinuses	6297	2,5%	1,4	0,03	0,04	0,261	0,05%
64100	Femur ⁴	1316	0,5%	1,1	0,03	0,03	0,044	0,01%
63200	Shoulder joint	13194	5,3%	0,9	0,035	0,03	0,44	0,09%
60100	Cranium and facial bones	566	0,2%	1,2	0,028	0,03	0,018	0,004%
63300	Humerus	1101	0,4%	0,5	0,04	0,02	0,023	0,005%
64200	Knee (one or both)	10681	4,3%	0,3	0,02	0,01	0,073	0,015%
63400	Olnbogaliður	2947	1,2%	0,1	0,02	0,003	0,008	0,002%
64500	Leg and foot	23317	9,3%	0,2	0,01	0,002	0,047	0,010%
63600	Arm and hand	24807	9,9%	0,1	0,01	0,001	0,027	0,006%
	Other examinations ⁴	1629	0,7%				0,439	0,09%
Heildarfjöldi rannsókna :		173.600				Samtals hópgeislaálag :	49,87	10,5%
(Number of examinations :)						(Total CED :)		(Percent of total CED)
Hlutfall af heildarfjölda röntgenrannsókna :			69,5%					
(Percent of total number of x-ray examinations :)				Meðalgeislaálag (mSv) ⁵ :		0,5	(Mean ED)	
				Vegið meðalgeislaálag (mSv) ⁶ :		0,29	(Weighted Mean ED)	
1 RS-kóði er sameinaður úr mörgum undirflokkum og segir m.a. til um það líkamssvæði sem verið er að geisla								
2 Í hverjum rannsóknarflokki eru fleiri rannsóknartegundir sem tengjast þessum rannsóknarflokki og rannsóknarkóða								
3 Tíðni rannsóknarflokka miðast við alla rannsóknarflokka röntgenrannsókna								
4 Aukinn óvissa í geislaskammti og geislaálagi vegna takmarkaðra mælinga								
5 Meðaltal geislaálags allra rannsóknarflokka í tölfunni								
6 Vegið meðaltal er fengið með því að taka tillit til fjölda rannsókna í hverjum rannsóknarflokki.								

Tafla 5. Skyggirannsóknir, fjöldi og tíðni rannsókna, geislaskammtar, geislaálag og hópgeislaálag. Flouroscope examinations, number and frequency of examinations, Dose Area Product (DAP), Effective Dose (ED) and Collective Effective Dose (CED).

(RS-Code)	(Examination Categories)	(Number)	(Frequency)	(DAP) Flatargeislun (Gycm ²)	(Conversion f.) Um- breytistuðull (mSv/Gycm ²)	(ED) Geislaálag (mSv)	(CED) Hópgeislaálag (mannSv)	Hlutfall %
RS-Kóði ¹	Rannsóknarflokkur ²	Fjöldi	Tíðni ³					
44000	Barium Enema	179	0,07%	91,9	0,28	25,72	4,60	1,0%
44100	Barium En. Double Contrast ⁴	68	0,03%	85,1	0,28	23,83	1,62	0,3%
44200	Defecography ⁴	116	0,05%	85,0	0,21	17,85	2,07	0,4%
53100	Mictionsurethrocytography	581	0,23%	26,7	0,31	8,29	4,81	1,0%
45300	Biliary Tract / ERCP ⁴	522	0,21%	38,4	0,20	7,67	4,01	0,8%
43000	Barium Follow ⁴	560	0,22%	32,8	0,20	6,57	3,68	0,8%
42000	Barium Meal	335	0,13%	26,0	0,20	5,21	1,74	0,4%
51200	Antegrad pyelography ⁴	50	0,02%	15,0	0,30	4,50	0,23	0,05%
53000	Urethrocytography ⁴	38	0,02%	15,0	0,30	4,50	0,17	0,04%
51000	Urinary Tract, IVP	702	0,28%	18,9	0,18	3,39	2,38	0,5%
13100	Lumbal myelography	25	0,01%	14,5	0,21	3,04	0,08	0,02%
41000	Barium Swallow	716	0,29%	13,0	0,20	2,59	1,86	0,4%
62300	Spinal anesthesia (Flouroscope)	426	0,17%	9,1	0,21	1,91	0,81	0,2%
56000	Hysterosalpingography	114	0,05%	9,1	0,18	1,63	0,19	0,04%
54000	Pelvimetry	51	0,02%	6,1	0,18	1,09	0,06	0,01%
	Other ⁴	71	0,03%				0,3	0,06%
Heildarfjöldi rannsókna :		4.554				Samtals hópgeislaálag :	28,6	6,0%
(Number of examinations :)						(Total CED :)		(Percent of total CED)
Hlutfall af heildarfjölda röntgenrannsókna :		1,8%						
(Percent of total number of x-ray examinations :)								
				Meðalgeislaálag (mSv) ⁵ :		6,5	(Mean ED)	
				Vegið meðalgeislaálag (mSv) ⁶ :		6,3	(Weighted Mean ED)	
<p>1 RS kóði er sameinaður úr mörgum undirflokkum og segir m.a. til um það líkamssvæði sem verið er að geisla</p> <p>2 Í hverjum rannsóknarflokki eru fleiri rannsóknartegundir sem tengjast þessum rannsóknarflokki og rannsóknarkóða</p> <p>3 Tíðni rannsóknarflokka miðast við alla rannsóknarflokka röntgenrannsókna</p> <p>4 Aukinn óvissa í geislaskammti og geislaálagi vegna takmarkaðra mælinga</p> <p>5 Meðaltal geislaálags allra rannsóknarflokka í töflunni</p> <p>6 Vegið meðaltal er fengið með því að taka tillit til fjölda rannsókna í hverjum rannsóknarflokki.</p>								

Tafla 6. Æðapræðinga- og inngripsrannsóknir, fjöldi og tíðni rannsókna, geislaskammtar, geislaálag og hópgeislaálag æðapræðinga- og inngripsrannsókna. Angiographic- and Interventional examinations, number and frequency of examinations, Dose Area Product (DAP), Effective Dose (ED) and Collective Effective Dose (CED).

(RS-Code)	(Examination Categories)	(Number)	(Frequency)	(DAP) Flatargeislun (Gycm ²)	(Conversion f.) Umbreyti- stuðull (mSv/Gycm ²)	(ED) Geislaálag (mSv)	(CED) Hópgeislaálag (mannSv)	Hlutfall %
RS-Kóði ¹	Rannsóknarflokkur ²	Fjöldi	Tíðni ³	(Gycm ²)	(mSv/Gycm ²)	(mSv)	(mannSv)	%
37300	Cardiac angiography	1.227	0,5%	23,0	0,20	4,6	5,64	1,2%
67700	Peripheral angiography	443	0,2%	227,8	0,05	11,4	5,05	1,1%
17000	Cerebral angiography	102	0,04%	90,9	0,05	4,5	0,46	0,1%
47000	Abdominal angiography ⁴	65	0,03%	30,0	0,20	6,0	0,39	0,1%
	Aðrar æðapræðingar ⁴	12	0,005%				0,07	0,02%
39200	PTCA	769	0,31%	59,4	0,20	11,90	9,15	1,9%
39000	Other thoracic interventions ⁴	444	0,18%	40,0	0,20	8,0	3,55	0,7%
69100	Limb interventions ⁴	165	0,07%	250,0	0,05	12,5	2,06	0,4%
49000	Biliary & urinary system ⁴	162	0,06%	90,0	0,20	18,0	2,92	0,6%
69000	Pelvic interventions ⁴	89	0,04%	30,0	0,20	6,0	0,53	0,11%
	Aðrar inngripsrannsóknir ⁴	8	0,003%			25	0,20	0,04%
	Heildarfjöldi rannsókna :	3.486				Samtals hópgeislaálag :	30,0	6,3%
	(Number of examinations :)					(Total CED :)		(Percent of total CED)
	Hlutfall af heildarfjölda röntgenrannsókna :	1,4%						
	(Percent of total number of x-ray examinations :)					Æðapræðingar	Inngripsrannsóknir	
				Meðalgeislaálag (mSv)⁵ :	6,6	13,6	(Mean ED)	
				Vegið meðalgeislaálag (mSv)⁶ :	6,3	10,0	(Weighted Mean ED)	
1	RS kóði er sameinaður úr mörgum undirflokkum og segir m.a. til um það líkamssvæði sem verið er að geisla							
2	Í hverjum rannsóknarflokki eru fleiri rannsóknartegundir sem tengjast þessum rannsóknarflokki og rannsóknarkóða							
3	Tíðni rannsóknarflokka miðast við alla rannsóknarflokka röntgenrannsókna							
4	Aukinn óvissa í geislaskammti og geislaálagi vegna takmarkaðra mælinga							
5	Meðaltal geislaálags allra rannsóknarflokka í töflunni							
6	Vegið meðaltal er fengið með því að taka tillit til fjölda rannsókna í hverjum rannsóknarflokki.							

Tafla 7. Tölvusneiðmyndarannsóknir, fjöldi og tíðni rannsókna, geislaskammtar, geislaálag og hópgeislaálag. Computed Tomography examinations, number and frequency of examinations, Dose Length Product (DLP), Effective Dose (ED) and Collective Effective Dose (CED).

(RS-Code)	(Examination Categories)	(Number)	(Frequency)	(DLP) Lengdargeislun (Gy cm)	(Conversion f.) Um- breytistuðull (mSv/Gycm)	(ED) Geislaálag (mSv)	(CED) Hópgeislaálag (mannSv)	Hlutfall %
RS-Kóði ¹	Rannsóknarflokkur ²	Fjöldi	Tíðni ³					
84000	Abdomen	12.798	5,1%	939	0,02	14,1	180,3	37,9%
81000	Head (Brain)	11.361	4,6%	1450	0,00	3,0	34,6	7,3%
83200	Chest/Thorax	8.876	3,6%	452	0,01	6,3	56,2	11,8%
82400	Lumbar spine	4.218	1,7%	787	0,02	11,8	49,8	10,5%
81500	Head (soft tissue)	3.646	1,5%	511	0,00	1,1	3,9	0,8%
86000	Limbs	1.334	0,5%	368	0,00	0,8	1,1	0,2%
81800	Neck ⁴	1.231	0,5%	631	0,01	3,7	4,6	1,0%
82000	Cervical spine ⁴	997	0,4%	1259	0,01	7,4	7,4	1,6%
81200	Skull and facial bones	852	0,3%	766	0,00	1,6	1,4	0,3%
82600	Pelvic bones ⁴	555	0,2%	568	0,02	8,5	4,7	1,0%
85101	Pelvis (soft tissue/vascular) ⁴	170	0,07%	791	0,02	11,9	2,0	0,4%
82200	Thoracic spine ⁴	143	0,06%	559	0,01	7,8	1,1	0,2%
Heildarfjöldi rannsókna :		46.181				Samtals hópgeislaálag :	347,1	73,1%
(Number of examinations :)						(Total CED :)		(Percent of total CED)
Hlutfall af heildarfjölda röntgenrannsókna :		18,5%						
(Percent of total number of x-ray examinations :)						Meðalgeislaálag (mSv) ⁵ :	6,5	(Mean ED)
						Vegið meðalgeislaálag (mSv) ⁶ :	7,5	(Weighted Mean ED)
1 RS kóði er sameinaður úr mörgum undirflokkum og segir m.a. til um það líkamssvæði sem verið er að geisla								
2 Í hverjum rannsóknarflokki eru fleiri rannsóknartegundir sem tengjast þessum rannsóknarflokki og rannsóknarkóða								
3 Tíðni rannsóknaflokka miðast við alla rannsóknarflokka röntgenrannsókna								
4 Aukinn óvissa í geislaskammti og geislaálagi vegna takmarkaðra upplýsinga um framkvæmd								
5 Meðaltal geislaálags allra rannsóknarflokka í töflunni								
6 Vegið meðaltal er fengið með því að taka tillit til fjölda rannsókna í hverjum rannsóknarflokki.								

Brjóstarrannsóknir (Mammography)

Upplýsingar um meðalgeislaskammt kirtilvefs (MGD) og húðgeislaskammt (ESD) hjá 20.078 sjúklingum fengust á rafrænu formi úr upplýsingarkerfi KÍ. Um var að ræða 17.565 rannsóknir vegna hópskoðunar (87,5%), 2480 vegna klínískrarannsóknna (12,3%) og 33 vegna mjólkurgangarannsóknna (0,2%). Í töflu 8 koma fram upplýsingar um meðalfjölda mynda í þessum rannsóknarflokkum, meðalgeislaskammtur á húð (ESD) og, meðalgeislaskammtur á kirtilvef (MGD).

Við mat á geislaálagi notaður vægistuðul ICRP fyrir brjóstvef, sem er 0,05 (mSv/mGy) (3). Meðalgeislaálag er þannig um 0,20 mSv fyrir alla flokka rannsóknna. Hópgeislaálag röntgenrannsóknna kemur fram í töflu 8.

Tafla 8. Fjöldi rannsókna, geislaskammtar, geislaálag og hópgeislaálag vegna brjóstarrannsókna. Average number of images, ESD, MGD, Effective Dose (ED) and Collective Effective Dose (CED) of different mammography examinations.

<i>Rannsóknir</i>	<i>Fjöldi mynda (meðaltal)</i>	<i>Húðgeisla-skammtur (ESD) mGy</i>	<i>Meðal geislaskammtur kirtilvefs (MGD) mGy</i>	<i>Geisla-álag (ED) mSv</i>	<i>Hóp-geislaálag (CED) mannSv</i>
Hópskoðun (Screening)	4,0	19,0	4,3	0,2	3,933
Klínískar rannsóknir (Clinical examinations)	3,9	19,5	4,6	0,2	0,043
Mjólkurgangarannsóknir (Ductograms)	4,0	15,9	3,9	*	*

* Geislaálag og hópgeislaálag v. mjólkurgangarannsóknna er hluti af klínískum rannsóknum

Tannröntgenrannsóknir

Mælingar samhliða eftirliti með tannröntgentækjum á tímabilinu 2005-2009 gefa upplýsingar um áfallandi geislun fyrir 302 almenn röntgentæki á 207 tannlæknastofum. Um er að ræða geislun við kónenda tækjanna og eru þessar niðurstöður notaðar til þess að áætla meðalgeislaskammt fyrir öll tannröntgentæki. Við matið er notaður dreifigeislustuðullinn 1,2 (e. Backscatter factor) (16). Meðalgeislaskammtur var 2,40 mGy. Þessi geislaskammtur við kónenda er margfaldaður með meðalflatarmáli við kónenda (miðað við 5,8 cm þvermál) eða 26,4 cm².

Geislaálagið fæst með því að nota breytistuðulinn $0,06 \mu\text{Sv}/\text{mGycm}^2$, sem breytir reiknaðri flatargeislun við kónenda tækjanna í geislaálag (14,16). Geislaálagið er því um 3,8 μSv per mynd.

Meðalgeislaálag vegna kjálkasneiðmyndarannsókna og andlitsbeinarannsókna er áætlað úr frá niðurstöðum erlendra rannsókna (1), sjá töflu 9 og hópgeislaálag er reiknað sem margfeldi meðalgeislaálags og fjölda rannsókna, sjá einnig töflu 12.

Tafla 9. Áætlað geislaálag, fjöldi rannsókna og hópgeislaálag tannröntgenrannsókna. Estimated Effective Dose (ED) of dental examinations, estimated annual number of examinations and Collective Effective Dose (CED).

<i>Rannsóknartegundir</i>	<i>Áætlað geislaálag ED μSv</i>	<i>Áætlaður fjöldi rannsókna Number of Examinations</i>	<i>Hópgeislaálag CED mann Sv</i>
Almennar tannröntgenrannsóknir (Conventional dental examinations)	3,8	400.000	1,52
Kjálkasneiðmyndarannsóknir (Orthopantomography)	6,8	35.000	0,238
Andlitsbeinarannsóknir (Cephalostatic examinations)	11,0	15.000	0,17
	Samtals (Total):	450.000	1,92

Beinþéttirannsóknir

Miðað er við að meðalgeislaálag þessara rannsókna sé um 9 μ Sv, sbr. viðauka 1 og að fjöldi rannsókna árið 2008 sé 3015, er hópgeislaálagið um 0,03 mannSv (3), sjá einnig töflu 12.

Vísindarannsóknir

Í þessum flokki er eingöngu um að ræða TS - rannsóknir sem framkvæmdar eru á myndgreiningadeild Hjartaverndar, þar sem aðrar vísindarannsóknir eru ekki aðgreinanlegar frá gögnum stóru myndgreiningadeildanna. Mat á geislaálagi byggist á árlegum skýrslum sem Hjartavernd sendir GR um rannsóknir liðins árs og áætlaða geislaskammta og geislaálag. Miðað er við skýrslu fyrir árið 2008 sem barst stofnuninni árið 2009.

Tafla 10. Geislaálag, fjöldi rannsókna og hópgeislaálag vísindarrannsókna. Estimated Effective Dose (ED) for reaserch examination, number of examinations and Collective Effective Dose (CED).

<i>Rannsóknartegundir</i>	<i>Geislaálag ED mSv</i>	<i>Fjöldi Rannsókna Number of Examinations</i>	<i>Hópgeislaálag CED mann Sv</i>
CT – research examinations	12,6	843	10,6
TS-rannsóknir Hjartaverndar			

Rannsóknir hjá hnykkjum (kírópröktum)

Samtals voru framkvæmdar 1349 rannsóknir hjá hnykkjum á árinu 2008 og meðalgeislaskammtur þeirra rannsókna miðast við niðurstöður úr mælingum á flatargeislun 350 rannsókna. Breytistuðlar vegna þessara rannsókna eru unnir úr niðurstöðum norsku geislavarnastofnunarinnar á geislaskömmtum hjá hnykkjum (15), sjá einnig viðauka 1.

Í töflu 11 eru birtir geislaskammtar, geislaálag og hópgeislaálag þessara rannsókna. Farinn er sú leið að reikna hópgeislaálag út frá meðalgeislaskammti heilla rannsókna.

Tafla 11. Fjöldi rannsókna hjá hnykkjum, geislaskammtur, geislaálag og hópgeislaálag. Number of Chiropractic examinations, Dose Area Product (DAP), Effective Dose (ED) and Collective Effective Dose (CED).


<i>Innstillingar / Views</i>	<i>(Number of Examinations)</i> Fjöldi	<i>(DAP)</i> Geislaskammtur <i>Gycm²</i>	<i>(ED)</i> Geislaálag <i>mSv</i>	<i>(CED)</i> Hópgeislaálag <i>mannSv</i>
Full spine AP		1,57	0,76	
Cervical /Th Lat		1,79	0,32	
Lumbal lat		2,53	0,81	
Compleat examinations	1349	5,84	1,61	2,17

Umræða

Við vinnslu þessarar samantektar var stuðst við leiðbeiningar í skýrslu frá ESB um mat á hópgeislaálagi þjóða vegna notkunar jónandi geislunar til sjúkdómsgreiningar (1).

Á þeim deildum sem framkvæmdar voru mælingar á geislaskömmtum sjúklinga voru framkvæmdar meira en 80% allra röntgenrannsóknna (11). Því má gera ráð fyrir því að þær mælingar á flatargeislun (DAP) og gögn um lengdargeislun (DLP) TS-rannsóknna, sem birtast í þessari skýrslu gefi góða mynd af þessum stærðum.

Samkvæmt niðurstöðum í töflum 4 – 7 eru almennar röntgenrannsóknir um 70% allra röntgenrannsóknna en hafa í för með sér um 11% af hópgeislaálagi röntgenrannsóknna (sjá einnig töflu 12). Skyggjirannsóknir, æðapræðingar og inngrípsrannsóknir eru um 2,2% af öllum röntgenrannsóknnum og hafa í för með sér um 10,3% af hópgeislaálagi röntgenrannsóknna eða nærri því það sama og almennar rannsóknir. Þá eru TS-rannsóknir aðeins 18,5% af öllum röntgenrannsóknnum en hafa í för með sér um 75% af hópgeislaálaginu, sjá myndrit 1.



Myndrit. 1 Hlutdeild rannsóknartegunda í hópgeislaálagi

Samanburður við niðurstöður 1996.

Þegar skoðaðar eru niðurstöður fyrir einstakar rannsóknir með samanburði við niðurstöðurnar fyrir 1996 (2), þá kemur í ljós að geislaálag margra rannsókna hefur breyst verulega, sumar rannsóknir hafa nú í för með sér meira geislaálag en 1996, en fyrir aðrar hefur geislaálag lækkað verulega.

Í töflu 14 er sýnt geislaálag röntgenrannsókna með sömu heiti á milli tímabila og er þeim raðað eftir því hvað geislaálagið hefur breyst.

Tafla 14. Breytingar á geislaálagi röntgenrannsókna á milli tímabila.			
Changes in effective dose for different x-ray examinations			
	1996	2008	Change in dose
X-ray examinations	mSv	mSv	%
Abdomen	1.35	2.9	117
Barium-Enema DC	11.88	23.8	100
ERCP	4.41	7.7	75
Osophagus swallow	1.58	2.6	65
Chest/Thorax/Lungs	0.10	0.13	30
Pelvis	0.72	0.81	13
Hips (both)	0.65	0.72	11
Col. Thoracalis	0.71	0.77	8
Barium Meal	4.8	5.2	8
Sinuses	0.04	0.04	0
Shoulder	0.033	0.033	0
Elbow	0.003	0.003	0
Urography (IVP)	3.5	3.4	-3
Col. Lumbal Sacral	2.04	1.98	-3
Angiographies	4.2	4.0	-4
Abdomend (kidneys)	1.33	1.25	-6
Knee	0.012	0.01	-17
Col. Cervicalis	0.17	0.14	-18
MUCG	10.7	8.3	-22
Lumbal Myelography	4.72	3	-36
Cranium	0.05	0.03	-40
Total Columna	2.23	1.1	-51
Femur	0.08	0.034	-58
Pelvimetry	2.59	1.1	-58

Í töflu 15. eru sýndar TS-rannsóknir með sama heiti á milli tímabila og geislaálag þeirra.

Tafla 15. Breytingar á geislaálagi TS-rannsókna á milli tímabila.			
Changes in effective dose for different CT examinations.			
	1996	2008	Change in dose
CT X-ray examinations	mSv	mSv	%
Lumbar spine	3,25	11,8	263
Head (Brain)	1,34	3,0	127
Skull and facial bones	1	1,6	61
Pelvic bones	6,1	8,5	40
Head (soft tissue)	1	1,1	7
Abdomen	13,2	14,1	7
Neck	4	3,7	-7
Chest/Thorax	8,47	6,3	-25

Á milli þessara tímabila hafa orðið miklar breytingar í myndgerðartækni, þar sem hún er nú orðin stafræn fyrir almennar röntgenrannsóknir og tölvusneiðmyndataeknin hefur einnig tekið miklum breytingum hvað varðar tækni, tæki og aðferðir. Það er því ekki óeðlilegt að geislaálag rannsókn breytist talsvert. Upp úr 2000 byrjuðu myndgreiningadeildir landsins að taka í notkun stafræna miðla í stað filma og er þeirri þróun lokið að mestu um 2008, þegar yfir 95% rannsókna eru stafrænar. Sú breyting hefur það í för með sér að mögulegt er að lækka geislaskammta einstakra rannsókna verulega, en um leið er sá möguleiki einnig fyrir hendi að fram komi geislaskrið (e. Dosecreep) sbr. töflu 14 (17,18).

Þróun tölvusneiðmyndataekninnar hefur verið hröð á þessum tímabili, bæði hvað varðar tækni og notkun, sem hefur leitt til nýrra möguleika í rannsóknum og/eða breytinga á eldri rannsóknaraðferðum. Þessi þróun hefur bæði leitt til rannsókna með lægri geislaskömmtum og rannsókna með hærri geislaskammta, en um leið hefur komið fram ýmis búnaður og tækni til þess að halda aftur af hækkun geislaálags, s.s. straummótunarbúnaður (e. Automatic Current Modulation) (19,20).

Brjóstarrannsóknnum hefur fjölgað frá 1996 en þá voru þær 14.158 en eru núna 21.811 eða 54% aukning. Geislaálag hefur þó lækkað að meðaltali fyrir hverja rannsókn, var 0,36 mSv en er núna 0,2 mSv eða 44% lækkun (sjá töflu 8) og hefur þar tilkoma stafrænna tækja árið 2008 mikið að segja.

Aðrir rannsóknarflokkar eins og tannröntgenrannsóknir (sjá töflu 9) og beinþéttirannsóknir, vísindarannsóknir (sjá töflu 10) og rannsóknir hjá hykkjum (sjá töflu 11) vega ekki þungt í hópgeislaálaginu (sjá töflu 12). Áætlað meðalgeislaálag við tannröntgenrannsóknir reynist 3,8 μ Sv fyrir hverja rannsókn (bls. 19) sem er töluverð lækkun (37%) frá fyrri niðurstöðum árið 1994 en þá var meðalgeislaálagið metið um 6 μ Sv (13). Í þessari samantekt er í fyrsta skipti lagt mat á geislaálag rannsókna hjá hykkjum, beinþéttmælingar og vegna vísindarannsókna.

Í töflu 16 kemur fram samanburður á hópgeislaálagi rannsókna 2008 og 1996, ásamt upplýsingum um meðalgeislaálag pr. íbúa og pr. rannsókn. Þessar niðurstöður eru einnig sýndar án þess að tannröntgenrannsóknir séu taldar með.

Tafla 16. Breytingar í niðurstöðum á hópgeislaálagi og meðalgeislaálagi á milli 1996 og 2008. Changes in results concerning Collective Effective Dose (CED) and mean Effective Doses (ED) pr. population and pr. examinations in 1996 and 2008.			
			Change
Niðurstöður (Results)	2008	1996	%
Hópgeislaálag allra röntgenrannsókna (mannSv) (CED for all x-ray examinations (manSv))	475,1	185,2	157
Meðalgeislaálag pr. íbúa (mSv) (Mean ED per. population (mSv))	1,49	0,7	113
Meðalgeislaálag pr. rannsókn (mSv) (Mean ED per. examination (mSv))	0,67	0,36	87
Hópgeislaálag röntgenrannsókna (án tannröntgen) (mannSv) (CED for all x-ray examination (excluding dental) (manSv))	473,2	182,7	159
Meðalgeislaálag pr. íbúa (án tannröntgen) (mSv) (Mean ED per. population (excluding dental) (mSv))	1,48	0,68	118
Meðalgeislaálag pr. rannsókn (án tannröntgen) (mSv) (Mean ED per. examination (excluding dental) (mSv))	1,86	1,08	72
Fjöldi íbúa á Íslandi 2008 (31.12.2008) (Population of Iceland at 31.12.2008)	319.368		
Heildarfjöldi allra röntgenrannsókna 2008 (Total number of all x-ray examinations in 2008)	704.839	2207 rannsóknir per 1000 íbúa (2207 ex. per 1000 population)	
Heildarfjöldi allra röntgenrannsókna (án tannröntgen) (Total number of all x-ray ex. (excluding dental) in 2008)	254.839	798 rannsóknir per 1000 íbúa (798 ex. per 1000 population)	

Samkvæmt töflu 16, hefur orðið veruleg aukning í hópgeislaálagi og þar af leiðandi einnig í meðalgeislaálagi á þessu tímabili. Samkvæmt töflu 17 eru hæst meðalgeislaálag vegna TS-rannsókna, hvort sem litið er til meðalgeislaálags rannsókna eða pr. íbúa í landinu.

Tafla 17. Tíðni rannsóknarflokka, meðalgeislaálag rannsókna og meðalgeislaálag íbúa. Mean Effective Doses (ED) pr. examinations and pr. population for different catagories of examinations.

(Examination Catagories)	(Freq. of examinatonos per. 1000 population)	(Mean ED)	(Mean ED pr. population)
Rannsóknarflokkar	Tíðni rannsókna per. 1000 íbúa	Meðalgeislaálag mSv	Meðalgeislaálag per íbúa mSv
TS rannsóknir (CT examinations)	145	7,5	1,1
Æðapræðingarannsóknir (Angiography examinations)	6	4,0	0,04
Inngripsrannsóknir (Interventional examinations)	5	10,0	0,06
Allar aðrar röntgenrannsóknir (All other x-ray examintions)	642	0,4	0,3

Nánari sundurliðun á meðalgeislaálagi röntgenrannsókna, pr. rannsókn og pr. íbúa landsins eru að finna í töflu 18, ásamt upplýsingum um tíðni viðkomandi rannsóknarflokka.

Tafla 18. Tíðni rannsóknarflokka, meðalgeislaálag rannsókn og meðalgeislaálag rannsókna per. íbúa. Frequency of examination catagories, Mean Effective Dose (ED) pr. examinations and pr. population.

(Imaging Modalities)	(Examination Catagories)	(Freq. of exam. per. 1000 population)	(Mean ED)	(Mean ED pr. population)
Rannsóknaraðferð	Rannsóknarflokkar	Tíðni rannsókna per. 1000 íbúa	Meðalgeislaálag mSv	Meðalgeislaálag per íbúa µSv
Radiography	Dental examinations	1409	0,004	6,0
	Chest/Thorax	175,3	0,13	23,6
	Extrimities	275,2	0,09	25,0
	Spine	51,2	1,13	58,0
